

Nr. 12.
23. apríl.

Konungleg auglýsing

um

að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þar eð Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vjer samkvæmt 1. grein í lögum 11. febr. 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, að ríkisstjórn í fjærvist Vorri sje falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vjer hjer með Vorum kæru og trúu þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign, krónprins Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vjer komum heim aftur.

Gefið á Amaliuborg, 23. apríl 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Zahle.